

Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Kaldrananeshreppur
Reykholahreppur
Tálknafjarðarhreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 10. mars 2023

Boðun á 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, 12. apríl 2023.

Með vísan til 9. greinar samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðað til 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, en stjórn samþykkti á stjórnarfundi þann 15. febrúar s.l. að þingið skyldi haldið 12. apríl nk. Dagskrá er samkvæmt samþykktum;

8. grein. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi að vori, ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsping. Á dagskrá Fjórðungspings að vori skulu vera þessi mál;

- 1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.*
- 2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.*
- 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.*
- 4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.*
- 5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (á ekki við)*
- 6. Önnur mál löglega fram borin.*
- 7. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga*

Þingið verður haldið miðvikudaginn 12. apríl 2022 í Edinborgarhúsinu Ísafirði.

Miðað er við að þingið verði sett kl.14.30 og því slitið um kl 16.00.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið. Slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu. Einnig verða sett inn önnur gögn er varða þingið s.s. ársreikningur 2022, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023 og málefni haustþings, en stjórn samþykkti þann 15. febrúar s.l. að gera tillögu um 6. og 7. október n.k..

Skráning og gögn má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu – [Skráning og gögn](#)

Vakin er athygli á að Orkuþing Vestfjarða verður haldið á Ísafirði fyrir sama dag og verður dagskrá þess kynnt á vef Vestfjarðastofu.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri